

FERÐAMÁLASAMTÖK AUSTURLANDS

Yfirlit um starfsemi samtakanna á liðnu ári

lagt fyrir aðalfund SSA haldinn á Breiðdalsvík 24.-25. sept. 2010

Upphaf Ferðamálasamtaka Austurlands má rekja allt til ársins 1980 en formlega voru samtökin skráð stofnsett í október 1985. Starfssvæðið hefur frá upphafi náð allt frá Skeiðarársandi í suðri að Langanesi í norðri.

Samtökin voru endurskipulögð árið 2004 og þau gerð að regnhlífarsamtökum þeirra félaga ferðaþjónustuaðila sem vinna að ferðamálum á þessu starfssvæði ásamt því sem Þróunarfélagið og SSA fengu aðild að þeim. Síðustu ár hafa Ferðamálasamtök Austurlands þannig verið samstarfsvettvangur Markaðsstofu Austurlands, Ferðamálafélags Austur-Skaftafellssýslu, Samtaka sveitarfélaga á Austurlandi og Þróunarfélags Austurlands. Hlutverk samtakanna er að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum ferðaþjónustu á Austurlandi og hafa þau m.a. staðið að gerð ferðamálavefs og kannana meðal ferðamanna á Austurlandi 2005 og 2008.

Á síðasta aðalfundi samtakanna, sem haldinn var 18. september 2008, voru eftirtaldir kosnir í stjórn: Stefán Stefánsson tilnefndur af SSA og Þróunarfélagi Austurlands; Sigurlaug Gissurardóttir og Sigrún Kapítóla Guðrúnardóttir, tilnefndar af Ferðamálafélagi Austur-Skaftafellssýslu; og Andrés Skúlason og Jónas Hallgrímsson, tilnefndir af Markaðsstofu Austurlands.

Starfsemi samtakanna 2009 og 2010

Stefán Stefánsson hætti sem formaður samtakanna á miðju ári 2009 og Jónas Hallgrímsson var valinn af stjórn til að taka við af honum og sitja jafnframt sem fulltrúi þeirra í stjórn Ferðamálasamtaka Íslands.

Starfsemi Ferðamálasamtakanna hefur verið með minnsta móti árin 2009 og 2010 og helgast það af breytingum á landsvísu á skipan ferðamála. Landshlutasamtökin hafa fengið litlar fjárveitingar og opinberu fjármagni til ferðamála verið beint gegnum markaðsstofur landshlutanna. Á vordögum 2009 kynntu ferðamálasamtökin þó fullunna ferðamannakönnun sem Rannsóknir og ráðgjöf í ferðaþjónustu vann fyrir þau árið 2008. Var það í annað sinn sem samtökin stóðu að slíkri könnun en áður var sambærileg könnun unnin árið 2005. Mikilvægt er að halda áfram með slíkar kannanir þar sem þær mæla ákveðna þætti í hegðun, væntingum og upplifun ferðamanna í fjórðungnum.

Ferðamálasamtök Austurlands stóðu einnig að ferðasýningu í Laugardagshöllinni á vordögum 2009 með öðrum samtökum landshlutanna.

Vegna breytinga á samstarfi sveitarfélaga á Austurlandi sem gengu í gegn árið 2009 þegar Hornfirðingar drógu sig út úr SSA breyttist samstarfsgrundvöllur sá sem verið hefur í Ferðamálasamtökum Austurlands. Á árinu 2010 hefur því verið unnið að breytingum á samtökunum sem ganga út á það að Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu segir sig frá þeim taka á sig hluta af skuldum samtakanna vegna verkefna síðustu ára. Stefnt er á að halda aðalfund samtakanna fyrir árin 2009 og 2010 á næstu mánuðum.

Ferðamálasamtökin hafa einnig á árin 2010 komið að vinnu við endurskoðun á skipulagi stoðstofnana og starfandi formaður setið fundi vegna þess.